

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Árneshreppi, Strandasýslu.**

Fasteignaskatt í Árneshreppi, skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 14.

21. janúar.

AUGLÝSING**um skipulag í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.**

Eftir beiðni hreppsnefndar Djúpárhrepps í Rangárvallasýslu og tillögu Skipulagsstjóra ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55/1921, ákveðið, að lög nr. 55/1921 skuli framvegis taka til byggðarinnar í Þykkvabæ í Djúpárhreppi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1963.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 15.

23. janúar.

REGLUGERÐ**fyrir vatnsveitu Súðavíkurhrepps.**

1. gr.

Hreppsnefnd hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefnd hefur þegar lagt stofnæð um þorpið, samkvæmt skipulagsuppdætti, og annast lagningu æða þaðan að húsum í þorpinu.

3. gr.

Hreppsnefnd hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt er henni að ráða umsjónarmann og innheimtumann, er hafi á hendi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefnd setur